

Nd.

530. Nefndarálit

[230. mál]

um frv. til laga um stjórn efnahagsmála o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta, sem á sér sögulegan og óvenjulegan aðdraganda, er komið frá Ed., sem gerði á því nokkrar breytingar, sumar til bóta, aðrar til að draga úr málskrúði, minnka umbúðirnar, enn aðrar einskis virði, gerðar til þess eins að sætta til málamynda hin mjög svo ólíku sjónarmið stjórnarflokkanna.

Haldnir voru nokkrir sameiginlegir fundir fjárhags- og viðskiptanefnda beggja þingdeilda. Þar mættu fulltrúar frá eftirtöldum aðilum til viðræðna við nefndarmenn: Vinnuveitendasambandi Íslands, Verslunarráði Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi, Samb. ísl. bankamanna, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Bandalagi háskólamanna. Auk þess kom verðlagsstjóri á fund nefndanna.

Allir þessir aðilar lýstu því yfir, að ekkert samráð hefði verið haft við þá um gerð frumvarpsins. Ríkisstjórn, sem haft hefur uppi yfirlýsingar, meiri en aðrar, um nauðsyn samráð við aðila vinnumarkaðarins, gengur þannig á bak um þá sinnar þegar unnið er að hinum mikilvægustu málum, sem varða hag þessara aðila meira en nokkuð annað. En fram hía óþægindum af þessu tagi má komast með því að forsætisráðherra flytji frumvarpið í eigin persónu.

Framangreindir aðilar höfðu flestir margt við frumvarpið að athuga og lýstu andmælum við einstök ákvæði þess. Á þá var að sjálfsögðu ekki hlustað. En langlundar-

geð sumra er ótrúlega teygjanlegt, þegar í landinu situr ríkisstjórn, sem ber hlýjan hug til þeirra sömu aðila, þótt í verki breyti hún þvert við gefin loforð. Nú er ekki deilt um, hvort fremja eigi kauprán, deilt er um, hversu mikið það eigi að vera. Og raunar hillir undir fullt samkomulag í þeirri deilu.

Í stuttu máli sagt er frumvarpið sönnun fyrir gjaldþroti þeirrar stefnu, sem ríkisstjórnin hóf störf sín með:

1. Laun voru lækkuð í byrjun — síðan lækkuð aftur um allt að 8%, dregið úr vísitölugreiðslum um allt að 6%-stigum.
2. Niðurgreiðslur auknar fyrst og söluskattur afnuminn af vissum vörutegundum — nú dregið úr niðurgreiðslum í áföngum.
3. Skattheimta aukin strax á fyrstu dögum stjórnarinnar — við það stefnumið er hins vegar staðið fyllilega, og raunar bætt við með óvenju fjölskrúðugum hætti.

Frumvarpið stefnir frjálsum athafnalífi í meiri hættu en áður hefur verið gert, með ákvæðum þess um aukin ríkisafskipti af atvinnulífinu, fyrirskipandi áætlanagerð og afskiptum ríkisstjórnar af verðlagsmálum.

Sá vottur af samræmdri stefnu í efnahagsmálum, sem fannst í fyrri frumvarpsdrögum, hefur verið úr lagi færður með veikara orðalagi í ýmsum liðum.

Ríkisstjórn, sem er sjálfri sér sundurþykk, getur ekki framfylgt heillegri stefnu í efnahagsmálum, ef hún þá væri til. Skiptir þá ekki máli, hvaða lagaákvæði kunna að verða sett um slíka stefnu.

Frumvarpið, ef að lögum verður, er því ekki líklegt til að færa okkur nær því marki að sigrast á verðbólgu eða auka jafnvægi. Það eykur hins vegar ríkisafskiptin og miðstýringuna og grefur undan frjálsum athafnalífi. Það er í samræmi við þá stefnu stjórnarflokkanna að skilja eftir sig sterkari ríkisafskipti, en veikara atvinnulíf.

Minni hlutinn vísar að öðru leyti til nefndarálits minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar Ed. á þskj. 502.

Tilgangslaust er að flytja breytingartillögur þar sem stjórnarflokkarnir hafa þegar ákveðið að samþykkja frumvarpið eins og það er komið frá Ed. Einstakir stjórnarliðar hafa þó heimild til að greiða atkvæði gegn einstaka greinum til þess að sýna sjálfstæði sitt og síns flokks gagnvart kaupránsliðunum. Aðrir munu ekki tjá sig, nema þá e. t. v. í dagblöðum, enda viðkvæmir tímar nú í þinginu og líf stjórnarinnar á bláþræði.

Alþingi, 5. apríl 1979.

Ólafur G. Einarsson,
frsm.

Matthías Á. Mathiesen.